

Lúðvík Kristjánsson: Vestlendingar

ÞAÐ MUN í öndverðu hafa verið ætlunin, að rit þetta yrði tvö bindi. Kom fyrri bindið út 1953. Eins og oft vill verða óx efniviðurinn í meðferð og varð að skipta síðara bindinu í tvo hluta og urðu bindin þannig þrjú. Mun enginn, sem lesið hefur ritið og fundið merg í hverri setningu, harma það. — Annað bindið kom út 1955 en það þriðja 1960. Þetta mikla verk losar samanlagt, að magni, hálf tveim hundruð blaðsíður og það á vel við að á það sé minnst þessa dagana, jafnmikið og þar er að finna af nýjum upplýsingum um lífsteril Jóns Sigurðssonar. Eins og höfundurinn segir í formála fyrsta



Lúðvík Kristjánsson

bindis er ritið að mestu bundið tímabilinu frá 1830 til 1860 og snertir það Vestfirðingafjórðung nær eingöngu. Þó er ekki verknið einvörðungu bundið við þann landshluta né heldur við þetta árabíl, því það er raunverulega lýsing á framlagi Vestlendinga til endurreisnarbaráttu þjóðarinnar á tímabilinu 1830—1874. — Í lokakafli þriðja bindis: „Staldráð við og litið til átta“, eru dregnar saman niðurstöður af þeirri sögu allri, sem rakinn hefur verið í ritinu. Heimilda er getið jafnóðum, svo allir geti gengið úr skugga um, hvar aðdráttu hefur verið leitað. Síðasta bindið lýkur með nákvæmri nafnaskrá (19 bls.) Ritnið virðist nær því allt vera unnið úr frumgögnum og fjöldi af alþýðufólki kemur þar fram á sjónarsviðið, eins og ljóst verður, þegar litið er yfir nafnaskrána. Þá eru efnisyfirlit bindanna einkar nákvæm og greinargöð.

Fyrsta bindi greinist í fjóra kaffla: „Vormenn vestanlands“, „Framfarastofnun í Flatey“, „Bréflaga félagið í Flatey“ og „Tvö ársrit í Vestfirðingafjórðungi“. Í fyrsta kaffla eru taldir ýmsir forvígishöfðingar, svo sem Ólafur Sívertsen í Flatey, en saga þessa bóndasonar fram til fjár og frama er harla merkileg, Magnús í Hvilft, séra Lárus

í Holti, Ásgeir skipherra, Gísli stúdent og Kristján í Reykjarfirði, svo að nokkrir séu nefndir. Þá eru einkar fróðlegar ritgerðir í öðrum kaffla um lestrarfélög kringum 1800 og um fyrstu bókhöfuð á Íslandi, sem var reist í Flatey, þar sem einnig er getið tveggja annarra bókasafna um sama leyti. Mikill heiður var það Flateyngum að skjóta skjólshúsi yfir Gísla Konráðsson, er dvaldist í Flatey síðustu 25 ár ævi sinnar á vegum nokkurra Breiðfirðinga, með Ólaf Sívertsen í farabroddi. Þá er getið hins grózkumikla Lestrarfélags Tröllatungu- og Fellssafnaða, er stofn að var fyrir miðja öldina sem leið. Fyrsta árið, sem félagið starfaði, gáfu félagsmenn því 45 bindi bóka. Auk þess eflði Jón Sigurðsson félagið með bókaþjófum og Jón kammeráð á Melum gaf því 14 bindi, þar á meðal Sturlunguhandrit frá 1682. — Margir félagsmenn greiddu herra árgjald en tilskilið var og keypt voru 2—3 eintök af eftirtöldum tímaritum: Ný félagssrit, Reykjavíkurbóstur, Skírni, Norðanfari, Gestur Vestfirðingur, Þjóðólfr, Landstíðindi, Norðri, Ingólfr og Alþingistíðindi, sem margir töldu þá tímarit. Í ritgjörðum Bréflaglagsins ber mörg stórmál á góma, því þar er rætt um kvennaskóla, sjómannaskóla, móðurmálið, stofnun sjúkrasamlags og jafnvel alþýðutrygginga. Í síðasta kaffla þessa bindis er rakin saga Gests Vestfirðings og Ársrits presta í Þórsnesþingi.

Í öðru bindi kemur höfundurinn víða við. Það greinist í 22 kaffla og er meginuppistaða þess Jón Sigurðsson og Vestlending-

20. ári Húsmæðraskóla Reykjavíkur að ljúka

Í fyrradag var Húsmæðraskóla Reykjavíkur sagt upp í 20. sinn. Í skólanum stunduðu nám í vetur 176 nemendur, þar af 40 í heimavist, 40 í dagskóla og 96 á kvöldnámskeiðum. Hæsta einkunn hlaut Elísabet Magnúsdóttir 9,65. En alls hafa 3385 nemendur stundað þar nám á þessum 20 árum. Við skólauppsögn var að vanda fjöldi gesta.

Námsmeyjar, sem luku þar námi fyrir 20 árum, voru mættar og færðu skólanum að gjöf málverk af frú Huldu Stefánsdóttur, fyrrv. skólalastjóra Húsmæðraskólans, 10 ára námsmeyjar gáfu skólanum peningagjöf til minningar um skólasystur sína, Sólveigu Ólafsdóttur og 5 ára nemendur sílfurborðbúnað.

Katrín Helgadóttir, skólalastjóri, flutti skólaslitaræðu. Minntist hún í upphafi máls síns látinna brautryjenda í skólalastarfinu og

einkum frú Ragnhildar Pétursdóttur, sem lézt á árinu. Hún var fyrsti formaður skólanefndar og sat í nefndinni alla tíð síðan. Frú Gróa Pétursdóttir hefur nú tekið sæti í nefndinni í hennar stað. Sjóvátryggingarfélag Íslands færði skólanum í gær að gjöf 10 þús. kr. til minningar um frú Ragnhildi.

Frú Ólöf Blöndal, sem verið hefur handvinnukennari skólans frá upphafi, lætur nú af 20 ára starfi. „Frú Ólöf Blöndal getur nú litið ánægð yfir farinn veg, yljað sér við góðhug nemenda sinna og samkennara, sem allir virða hana mikils og dá og árna henni allra heilla“, sagði skólalastjóri m. a. er hún kvaddi Ólöfu Blöndal.

Skólalastjóri afhenti verðlaun til nemenda. Elísabet Magnúsdóttir úr Reykjavík fékk verðlaun frá Vigdísar Steingrimsdóttur sem beztí nemandi hússtjórn-

ardeildar, Inga Jónsdóttir frá Herriðahóli í Holtum verðlaun fyrir beztu handavinnu úr minningarsjóði Guðrúnar Kristjánsdóttur og þrjár námsmeyjar hlutu verðlaun skólans fyrir sérstaka vandvirkni í saumum, þar Ragnheiður Björgvinsdóttir úr Vestmannaeyjum, Guðný Sigurjónsdóttir af Vatnsleysuströnd og Edda Pálsdóttir frá Skagaströnd. Að lokum ávarpaði skólalastjóri nemendur og árnaði þeim allra heilla.

Aðrar konur, sem tóku til máls voru frú Vigdís Steingrimsdóttir, formaður skólanefndar, frú Ólöf Blöndal kennslukona og Halldóra Eggerzdóttir námsstjóri.

Að lokum var öllum gestum og nemendum boðið til kaffidrykkju. Handavinnusýning nemandanna hafði staðið dagana 10. og 11. júní og verið fjölsótt að vanda. M. a. skoðaði forsetafrú Dóra Þór haldsdóttir sýninguna.

ar, viðskipti hans við þá. Efni þessa bindis er náskyld efninu í síðasta bindi og nær frásögnin öll hámarki, þegar Jón Sigurðsson ræðst til forustu í stjórnmálum, eins og sagt er frá í síðasta bindi. Kaffli „Framboð Jóns Sigurðssonar og kosning hans í Ísafjarðarsýslu“, felur í sér mikinn, nýjan fróðleik. Höfundurinn bendir á, að Páll yngri Melsteð muni fyrstur manna hafa nefnt það við Jón, að hann gerðist þingmaður. — „Þar sem Jón hafði ekkert embættispróf gat hann ekki verið í kjöri nema eiga 10 hundruð í jörð eða samsvarandi fasteign í kaupstað“ (3. bd. bls. 41). Leiðréttir höfundur þann misskilning, sem kemur fram í evisöggu Jóns eftir Pál E. Ólason, að faðir hans hafi hlaupið undir bagga með honum og gefið honum

þau jarðarhundruð, er til þurfti. Um þetta farast höfundi þannig orð: „Hér er um algeran misskilning að ræða. Sannleikurinn er sá, að Jón þurfti hvorki að leita á náðir föður síns né annarra í þessu efni, því að hann hafði átt frá því að hann var drengur 10 hundruð í jörð, sem afi hans, séra. Jón Sigurðsson á Rafnseyri, hafði gefið honum og fyrir þessari gjöf lá 14 ára gömul viðurkenning, þegar framboð Jóns var ákveðið. En meðan Jón forseti var enn ómyndugur, hafði faðir hans maka-skipti við hann, lét hann hafa 10 hundruð í Gljúfurá í Arnarfirði í staðinn fyrir 10 hundruð í Auðkúlu, sem Jón hafði fengið að gjöf frá afa sínum“ (3. bd. bls. 41). Höfundurinn vitnar í heimildir þær, er þetta varða.

Eigi eru nokkur tók til þess að rekja hina löngu og ýtarlegu sögu er hér er sögð um stjórnmálaforustu Jóns Sigurðssonar og hin heillaríku afskipti hans af þvínær öllum framfarumálum Íslands, áratugum saman. Þess er aðeins að óska að sem flestir megi lesa þetta verk sér til fróðleiks og óblandinnar skemmtunar. Margir þeirra, sem Lúðvík lýsir hér og við sögunna koma, eru stórmenni, hugsjónamenn og athafnaforkar, er með fordæmi sínu og starfi bera framkvæmdir síðari kynslóða á herðum sér. En Lúðvík staldrar ekki við þá eina, hann segir allan sannleikann. Hann dregur fram í dagsljósið fjöld erfiðleika, sem Jón Sigurðsson átti við að etja jafnvel í innsta hring sinna eigin herbúða, á

Framh. á bls. 19

Velvakandi

• Vill betri brauð

Húsmóðir hringdi til Velvakanda og kvartaði yfir brauðunum, sem hér eru á boðstólum. „Það er svo mikið vatnsbragð að þeim, í rauninni ekkert bragð, þegar maður hugsar til þess hve gómsæt brauð er bökuað erlendis, t. d. í Danmörku og Bandaríkjunum, þar sem ég þekki til. Miklið vildi ég að bakarinn, sem ég fæ brauðin hjá, reyndi að verða sér út um nýjar uppskriftir. Og hvenær megum við búast við að fá brauðin niðurskorin í loftþéttum umbúðum svo sem tíðkast víða um lönd?“

• Útvarpið

Halldór á Leysingjastöðum skrifar Velvakanda bréf um útvarpið og fréttatímann: „Sl. haust fann Ríkisútvarpið upp á því að breyta um fréttatíma. Áður byrjaði kvölddagskráin kl. 20,00, nú kl. 19,30. Í fljótu bragði virðist þetta í bezta lagi, dagskráin lengd og því meira að njóta. En fyrir okkur sveitamenn lítur þetta öðru vísi út. Klukk an hálf átta er enginn sveitamaður kominn frá gegningum, úr fjósinu. Fréttirnar fara því lönd og leið. Segja má að vísu að það sé takmarkaður skaði meðan þær eru að mestu um Lumumba, Kasavubu og Sou-

vanna Phouma og annað slíkt „interessant“ efni, en að mestu gengið á snið við vísindi, listir og bókmenntir.

En oftast kemur þó eitt-hvað, sem gott er að hlusta á upp úr kl. 20,00, m. a. framhaldsleikrit og erindi ýmis. Í vetur hafa þeir verið kynntir í útvarpinu, Tolstoy og Galsworthy, öndvegishöfundar báðir tveir.

Megum við sveitamennirnir einskis af njóta? Sennilega sýnist þeim vitru mönnum, sem útvarpinu ráða, að við kúalubbarnir höfum enga ástæðu til að komast í snertingu við slíka höfunda eða annað það, sem menningar-gildi hefur, því margt af beztu

erindunum kemur einmitt á þessum tíma.

Okkur finnst sjálfum að við séum líka menn og því eigi að setja þá þætti, sem eru til einhvers annars en að uppfylla tömt rúm með hávaða, á þann tíma, sem flestir gætu hlustað.

Ríkisútvarpið er sameign allrar þjóðarinnar og ætti því að vera fyrir alla, eins þá sem þurfa að vinna hagnýt störf fram yfir kl. 20,00, og hina, sem hætta vinnu kl. 17—18. Því verður krafa okkar til útvarpsins: Setjið ekki á dagskrá góð leikrit eða aðra þætti sem megnið af hlustendum vill hlusta á, fyrr en kl. 20,00.

• Einarsgarðar

við Hringbraut

Maður nokkur, sem oft fær sér gönguferð um Suðausturbæinn, hefur komið að máli við Velvakanda. Hann kemur oft við í Einarsgarði við Hringbraut og nýtur þar hins fagra útsýnis til fjallanna. — Kveðst hann oft hafa furðað sig á því, að lítt virðist um það hirt, að fylgjast með hegðan fólks á þessum fagra og skemmtilega stað. Drengir hafa mjög sótt þangað og leikið sér í trjánum, einhvers konar Tarzan-leik, klifrað upp í hin gömlu tré og látið þar öllum illum látum. Það getur varla öðru vísi farið en að drengirnir brjóti og skemmi trén áður en langt um liður, ef þeir ekki átta sig á að trén eru í hættu vegna þessa leiks þeirra, að öðrum kosti verður lögreglan að gera sitt til þess að koma í veg fyrir að stórsþjöll séu unnin í þessum fagra garði.

FERDINAND



© PIB 7359. mik